

Leiðbeiningar þegar stofnað og haldið er mót á Roster Athletics

Þessi leiðbeiningabæklingur er í vinnslu og við erum stöðugt að uppfæra hann. Ef það er eitthvað sem vantar inn þá má endilega senda á skrifstofa@fri.is svo við getum uppfært hann og gert hann betri.

Gott að vita


- Félag þarf að hafa **Admin** aðgang að Roster
- Ritarar þurfa að vera með **update** aðgang, en margir geta skráð sig inn í mismunandi tölvum til að setja inn árangur.
- 3 tegundir eru til af aðgangi, **admin**, reader og **update**.
- Félög geta sótt um aðgang sem mótshaldari með því að senda nafn á félagi/mótshaldara og netfang þess sem á að fá aðganginn á support@rosterathletics.com, hægt er að fá fleiri en einn aðgang.
- Upptaka af námskeiði sem haldið var, er hægt að finna [hér](#)

Aðrar upplýsingar

- Við hliðina á sumum valkostum er “i” merki og hægt er að fá **ítarlegri upplýsingar** þar

Fyrst og fremst

1. Fara inn á <https://admin.rosterathletics.com/admin/home>
2. Fara í hliðarvalmynd og velja create sem er efst. Þá kemur upp competition profile, og þar er hægt að velja milli “**Track & Field**” eða “**Road Race**”



1. Hluti - að stofna frjálsíþróttamót

General

Þegar Competition profile opnast þá skal ýta á Track & Field
Það sem ÞARF að fylla út

Competition name

Þar sem fyllt er inn **nafn móts**

Season

Sem skal vera **dag- og tímasetning móts**

Competition type

Sem skal vera **indoor** eða **outdoor**

Measurement Units

Metric

Start date & time og end date & time

Sem skal vera **dag- og tímasetning móts**

Report result to statistics service

Skal vera **enabled** svo afrek skráist í afrekaskrá

Team competition

Skal vera **enabled** ef liðakeppni annars **disabled**

Individual scoring

Skal vera **enabled**

Registration

Skal vera **enabled** ef skráning er opin og fer fram á Roster (þarf að vera búið að stofna greiðslu account). Annars **disabled**

Check-ins

Skal vera **disabled**, en má vera enabled en þá geta keppendur merkt við sig án þess að mæta í nafnakall

About

Hér skal setja stuttan **texta** um mót

Image

Hér skal setja **mynd** sem tengist móti, þetta sést á mótaskrá Roster

Contact

Contact email

Hér skal setja **netfang mótstjóra**

Contact phone

Hér skal setja **símanúmer mótstjóra**



Location

Venue name

Hér skal setja **nafn leikvangs**

Street address

Hér skal setja **götuheiti og númer**

City

Hér skal setja **borg** þess sem mótið fer fram í

Postal code

Hér skal setja **póstnúmer**

Country

Hér skal setja **land** sem mót fer fram í

Country specific options

Age groups and implements

Skal vera **Iceland**

Default age group

Velja skal viðeigandi **aldurshóp**. Ef um er að ræða mismunandi aldur þá skal velja **multiple** og þá er hægt að **haka við neðar**. Ef þetta er einungis fullorðins mót skal velja **senior**

Age group verification

Skal vera **regular**

Age group profiles

Skal vera **standard**

Extra

Skal vera **óbreytt**


Timing system integration

Skal vera **óbreytt**

2. Hluti - Að setja upp mót

Næst erum við að vinna í hliðarmyndinni (eins og sést á fyrstu síðu), hver fyrirsögn hér fyrir neðan á við um valmöguleika þaðan. Ef það er ekki nefnt skal það vera óbreytt [Import/Export](#)

Hægt að nota til að setja inn snið af gömlu mót, setja það inn og þá er sama dagskrá ofl



Team competitions

Hér skal setja inn öll þau lið sem eru að keppa á mótinu. (kemur sjálfkrafa þegar fólk skráir sig).


Til að velja að stigakeppni sé fyrir karla, kvenna og heild, þá skal velja **3-point scoring system**

Events

Hér skal setja inn þær greinar sem keppt er í á mótinu

ATH, merkja þarf sérstaklega inn kvenna greinar og karla greinar, hægt er að velja til vinstri.

Einnig er hægt að velja “mixed” fyrir blandaðar greinar



Schedule

Hér skal setja inn **dagskrá** mótsins. Þegar grein er valin inn í **“Events”** þá kemur það upp í **schedule**.

Hér er einnig hægt að **bæta við aldursflokkum** með því að ýta á **plúsmerkið** til hægri.

Ef ýtt er á **þrípunktana** til hægri, er hægt að **endurnefna greinina** ef þarf (t.d. 60m er hægt að breyta í 60m piltla 13 ára).

Til að breyta á hvaða stigi keppnin er, þá er ýtt á þrípunktana og valið **“stage”**, þá er hægt að velja **semifinal** eða **final** o.s.frv.

“Advancement rules”, segir til um hversu margir geta farið áfram í úrslit.

Fyrir sumar greinar eins og langstökk þá er ýtt á **“set up mode”** undir **“adv.”** dálkinum, og þar er hægt að velja **hversu margar tilraunir eru í greininni**, eins og 3 stökk og 3 úrslit, eða 4 í heildina o.s.frv.

Velja skal **“add different title”** ef aldurshópurinn er ekki til, og sett þá inn 8-9 ára t.d. eða hvað sem er.

Það er hægt að sameina í flokka en **passa** skal ef um **liðakeppni** er að ræða, þá **þarf** að skrá sitt hvora greinina.

ROSTER ATHLETICS Meistaramót Íslands

Schedule

Full schedule

Hér er valið á hvaða stigi keppnin er, semifinal eða final t.d.

Hér er valið um hversu margir fara áfram í úrslit og með hvaða hætti

Hér er hægt að bæta við hlutum eins og riðlum, aldursflokk o.fl.

Hér er hægt að breyta titil á grein

Event	Gender	Age group	Stage	Date	Time	Adv.		
60m ♂ 0	Men	Senior	Semifinal	02/28/2026	1:00 PM	q 8	+	⋮
60m ♂ 0	Men	Senior	Final	02/28/2026	2:45 PM		+	⋮
60m ♀ 0	Women	Senior	Semifinal	02/28/2026	1:20 PM	q 8	+	⋮
60m ♀ 0	Women	Senior	Final	02/28/2026	2:35 PM		+	⋮
200m ♂ 0	Men	Senior	Final	03/01/2026	1:20 PM		+	⋮
200m ♀ 0	Women	Senior	Final	03/01/2026	1:00 PM		+	⋮
400m ♂ 0	Men	Senior	Final	02/28/2026	3:15 PM		+	⋮
400m ♀ 0	Women	Senior	Final	02/28/2026	3:05 PM		+	⋮
800m ♂ 0	Men	Senior	Final	03/01/2026	2:10 PM		+	⋮
800m ♀ 0	Women	Senior	Final	03/01/2026	2:05 PM		+	⋮
1500m ♂ 0	Men	Senior	Final	02/28/2026	2:00 PM		+	⋮
1500m ♀ 0	Women	Senior	Final	02/28/2026	2:00 PM		+	⋮

Start list

Skráning á íþróttafólki, fólk skráir sjálf og kemur það sjálfkrafa inn.

Einnig er hægt að **bæta við iðkendum** hér.


Ef það stendur í gráu lettri (TS) þá er aðili skráður í Tilastopaja (afrekaskrá).

Undir **license** er hægt að sjá **kennitölu**.

“**Seeding**” raðar íþróttafólki eftir ákveðinni reglu, hægt að raða eftir SB og að það sé notaður tíminn og “**lane assignment**” sem raðar á brautir eftir ákveðnum reglum, **default** setur besta tímann til **miðju**.

Síðan er hægt að draga aðila á milli riðla, með því að smella og halda yfir nafn og einfaldlega færa yfir. Ef einhverjar **brautir** eru **ónothæfar** er hægt að **taka þær út** (ef bara er hlaupið á á ákveðnum brautum).

Ef farið er í grein og ýtt á “” táknið sem eru stillingar, þá er hægt að prenta út “**score sheets**”, “**start lists**” og fleira, hægt að prenta út fyrir **einstaka grein** eða **allar greinar** móts.



Start lists

60m · Senior · Final

Buttons: Add athletes, Add Q/q, Send, Print

Table columns: Lane, Athlete, Notes, Team, Bib number, Initial PB, Initial SB, OR


Annotations:

- Hér er hægt að setja íþróttafólk í riðil (points to 'Add Q/q' button)
- Hér er hægt að setja inn íþróttafólk sem komst inn í úrslit (points to 'Add athletes' button)
- Hér er hægt að raða í riðla eftir ákveðinni reglu (points to 'Send' button)
- Hér er hægt að prenta út "score sheets", "start lists" og fleira (points to 'Print' button)
- Hér er hægt að velja milli greina til að skoða start lista (points to the event list in the sidebar)

BIB allocation

Hér er hægt að setja upp úthlutun númera og í **"allocate"** er hægt að velja fyrsta númer sem er notað. Og í sort þá er valið hvernig röðin er á númerunum.

Hægt er að hlaða niður skjali neðst niðri sem sýnir lista yfir númer á íþróttafólki



BIB allocation

Table columns: Name, Club, Team, Events, Age group, BIB


Annotations:

- Hér er hægt að velja hvernig númer raðast á íþróttafólk (points to the 'Sort' section)
- Hér er hægt að velja á hvaða tölu númerin byrja (points to the 'Allocate' section)

Jobs

Skráning á PB og SB.

Ef farið er inn í jobs, þá er hægt að uppfæra svo öll PB og SB eru rétt, það er neðri valkosturinn.



Registration setup

Hér skal setja inn ef um er að ræða **lágmark** fyrir grein

Hér skal setja inn ef það er **ákveðinn fjöldi** sem getur tekið þátt

Hér má setja inn **verð** fyrir hverja grein

3. Hluti - Að framkvæma mót (í vinnslu)

Fyrst og fremst

Skal velja start lists í **hliðarvalmynd**. Þar er hægt að velja allar greinar. Velja skal þá grein sem fer fram.

Hlaup

Semi-final

Final

Kast- og stökkgreinar

Hástökk/stangarstökk

4. Hluti - Að loka móti (í vinnslu)

Til að loka móti er farið í competition status undir general og valið “finished”

Að opna mót